



ÞINGEYJARSVEIT – LAXÁRSTÖÐVAR

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING

6. NÓVEMBER 2023

LÝSING Á SKIPULAGSÁÆTLUN

SAMKVÆMT 1. MGR. 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

1 Inngangur

Landsvirkjun er að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir vatnsaflsstöðvarnar Laxárstöð I, II og III í Aðaldal í Þingeyjarsveit. Núverandi starfsemi stöðvanna verður skilgreind í deiliskipulagi en ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu.

Í deiliskipulagi verða skilgreindar lóðir þar sem þær eru ekki til fyrir núverandi byggingar og byggingarreitir skilgreindir á lóðunum. Sett verða ákvæði hvað varðar viðbyggingar við núverandi hús eða endabyggingar húsa ásamt öðrum þeim ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi. Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins fyrir hönd Landsvirkjunar.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð deiliskipulags taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram koma upplýsingar um forsendur, viðfangsefni deiliskipulags og fyrirhugað skipulagsferli. Með kynningu lýsingar gefst íbúum og hagsmunaaðilum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið í upphafi skipulagsgerðar.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en deiliskipulagið mun þó ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

2 Staðhættir og upplýsingar

Í landi Presthvamms í Aðaldal í Þingeyjarsveit eru þrjár vatnsaflsstöðvar: Laxárstöð I, Laxárstöð II og Laxárstöð III. Þær nýta um 70 m fall Laxár á 1.800 m kafla í Laxárgljúfri og er samanlagt afl þeirra 27,5 MW. Laxá er lindá og á upptök sín í Mývatni. Hún fellur um Laxárdal og Aðaldal og til sjávar í Skjálfaflóa.

Við sunnanvert Mývatn eru mannvirki sem tengjast Laxárstöðvunum en það eru Geirastaðastífla og Haganestífla sem stýra rennsli úr Mývatni niður Laxárdal.

Laxá var upphaflega virkjuð til að sjá Akureyrarbæ fyrir rafmagni og gegndu Laxárstöðvar lykilhlutverki í rafvæðingu Norðurlands. Árið 1950 varð ríkið meðeigandi Akureyrar í Laxárvirkjun og árið 1983 var Laxárvirkjun sameinuð Landsvirkjun, sem var stofnuð árið 1965. Árið 1983 tók Landsvirkjun við rekstri virkjananna af Rafveitu Akureyrar.

Hér á eftir eru upplýsingar um vatnaflsstöðvarnar þrjár.

Laxárstöð I

Laxárstöð I er elsta stöðin í Laxá og er uppsett afl hennar 5 MW. Laxárstöð I nýtir efri hluta fallsins við Brúar. Frá stíflu efst í gljúfrunum er vatnið leitt fyrst í jarðgöngum og síðan í stökk að stöðvarhúsinu um 670 m leið. Í stöðinni eru tvær vélasamstæður og var sú fyrri tekin í notkun árið 1939 en hin síðari árið 1944. Laxárstöð I hefur ekki verið í notkun undanfarinn áratug.

Laxárstöð II

Laxárstöð II nýtir neðri hluta fallsins við Brúa og er uppsett afl hennar 9 MW. Áin er stífluð um 300 m neðan við stöðvarhús Laxár I og vatnið leitt þaðan um plaströr að jöfnunarturni og frá honum um stálpípu að stöðvarhúsi, samtals um 380 m leið. Í stöðinni er ein vélasamstæða sem tekin var í gagnið

árið 1953. Ofan við stöðvarhúsið er þrýstijöfnunartankur sem jafnar þrýstings sveiflur við breytilegt álag á stöðinni og minnkar þannig álag á stöðinn. Rör úr botni hans liggur niður að hverfli stöðvarinnar.

Laxárstöð III

Laxárstöð III er yngsta aflstöðin í Laxá og er uppsett afl hennar 13,5 MW. Hvelping sem hýsir vélasamstæðu stöðvarinnar var upphaflega hönnuð fyrir tvær 25 MW vatnsvélar. Var þá miðað við 56 m háa stíflu ofar í gljúfrinu og að heildarfallhæðin yrði 83 m. Þessari áætlun var harðlega mótmælt af Þingeyingum og lyktir urðu að Laxárstöð III var vígð árið 1973 með einum hverfli í stað tveggja og frekari áform á svæðinu lögð til hliðar.



Mynd 1. Laxárstöðvar og helstu kennileiti.

2.1 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið afmarkast að mestu af Laxá í vestri en þó er nærumhverfi stíflumannvirkja vestan Laxár innan skipulagssvæðisins. Í austri liggja mörkin í 100-300 m frá bökkum Laxár en í norðri og suðri eru mörkin utan við stíflur og mannvirki Laxárstöðva.

Stærð skipulagssvæðisins er um 25 ha, breidd þess er 100-300 m og lengd um 1,5 km.

Aðkomuvegur inn á svæðið er Staðarbraut (854) en vegurinn liggur í gegnum skipulagssvæðið norðanvert og fer á brú yfir Laxá. Frá Staðarbraut liggja vegir að mannvirkjun Laxárstöðva.



Mynd 2. Áætluð deiliskipulagsmörk Laxárstöðva I, II og III. (Loftmynd: map.is)

Innan deiliskipulagsins er einnig svæði við sunnanvert Mývatn en þar eru Geirastaðastífla og Haganestífla sem stýra rennsli úr Mývatni niður Laxá ásamt tengdum mannvirkjum.



Mynd 3. Áætluð deiliskipulagsmörk Geirastaðastíflu og Haganestíflu. (Loftmynd: map.is)

2.1 Lóðir og mannvirki

Hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun er lóð Laxárstöðva skilgreind sem lðnaðar- og athafnalóð (landeignanúmer 153902) en stærð hennar er ekki skilgreind. Innan hennar er meðal annars stöðvarhús, starfsmannahús, virkjanamannvirki, iðnaðarhús og útgarður.

Laxárvirkjun hús 7 (landeignanúmer 153919) er skráð 790 m². Lóðin er skilgreind sem íbúðarhúsaloð. Innan hennar er einbýli, bílskúr og garðskáli.

Þá er sumarhúsið Gljúfrabú sem er í einkaeigu með 117 m² lóð innan skipulagssvæðisins.

Geirastaðir lóð (landnúmer 153585) hefur ekki skilgreinda stærð. Lóðin er skilgreind sem viðskipta og þjónustulóð og er staðsett við sunnanvert Mývatn. Innan hennar er mótórhús (lokuhús) en á svæðinu er einnig að finna Geirastaðastíflu og Haganestíflu.

Árið 2017 var unnin mannvirkjaskráning fyrir Laxárstöðvar og verða upplýsingar úr skráningunni nýttar í vinnu við deiliskipulag. Mannvirkjaskráningin er sett fram sem húsakönnun en jafnframt koma fram leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum eða eftir atvikum fjarlægja.

2.2 Minjaskráning

Minjar hafa verið skráðar fyrir hluta skipulagssvæðisins í nokkrum minjaskráningum en samhliða vinnu við deiliskipulag verður unnin minjaskráning fyrir skipulagssvæðið við Laxárstöðvar.

3 Skipulagsleg staða

3.1 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Í gildi er Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022. Það svæði sem deiliskipulag nær til er í aðalskipulagi að mestu skilgreint sem iðnaðarsvæði en að hluta til sem íbúðarsvæði.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar þau svæði sem deiliskipulagið nær til.

Iðnaðarsvæði – Laxárvirkjun (IÐ-01)

Svæði Laxárvirkjunar er um 27,2 ha að stærð, að mestu staðsett innan við 200 m frá bökkum Laxár. Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði, um 25,4 ha, sem nær yfir öll tæknimannvirki og þjónustubyggingar Laxárvirkjunar.

Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengda henni, og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum.

Þar sem íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum er svæði undir starfsmannaíbúðir skilgreint sem sérstakt íbúðarsvæði og er það um 1,8 ha að stærð. Íbúðarsvæðið er eingöngu ætlað starfsmönnum virkjunarinnar og fjölskyldum þeirra.

Hjá Landsvirkjun hafa lengi verið hugmyndir um að hækka stífluna við Laxárvirkjun, aðallega til að bæta úr þeim vandamálum sem stafa frá klakamyndun og aur í hverflunum. Árið 2003 vann Landsvirkjun drög að tillögu að matsáætlun hækkunar Laxárstíflu.

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er þó ekki gert ráð fyrir hækkun á stíflu / stækkun uppistöðulóns, þar sem Laxá er friðuð samkvæmt sérstökum lögum (nr. 97 / 2004) og óheimilt er að breyta vatnsborði hennar nema til verndunar og ræktunar.


Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vísar ekki á bug þörf á breytingum á stíflu og/eða aðrennsli að Laxárvirkjun og er hlynnt því að rannsakað verði hvort hægt sé að finna viðhlítandi lausn á rekstrarvanda Laxárvirkjunar án þess að ganga of nærri lífríki Laxár í Þingeyjarsýslu.

Náist samkomulag milli Landsvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns um að breyta rennsli Laxár / hækka stíflu þarf fyrst að breyta lögum og síðan að breyta aðalskipulagi þessu áður en áætlanir gætu farið í umhverfismat og komið til framkvæmda.

Íbúðarsvæði í dreifbýli (Íb-03)

Íb-03: Við Laxárvirkjun er skilgreint íbúðarsvæði innan iðnaðarsvæðisins (því samkvæmt skipulagsreglugerð eru íbúðir ekki heimilar á iðnaðarsvæðum, sjá kafla 4.7).

Íbúðarsvæðið er um 1,8 ha að stærð, þar er gert ráð fyrir allt að 10 starfsmannaíbúðum, sem eru að mestu leyti þegar til. Þar geta komið allt að 4 nýjar íbúðir.



Mynd 4. Hluti Aðalskipulags Þingeyjarsveitar 201-2022 (sveitarfélagsuppráttur, norðurhluti). Rauður hringur sýnir staðsetningu þess svæðis sem deiliskipulag nær til.

3.2 Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023

Í gildi er Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Þeir hlutar deiliskipulagsins sem ná yfir Geirastaðastíflu og Haganestíflu eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði en ekki er fjallað sérstaklega um stíflunar eða önnur mannvirki tengdum þeim í greinargerð aðalskipulagsins.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi mannvirkjum í deiliskipulagi er talið að deiliskipulag verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.



Mynd 5. Hluti Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 (þéttbýlisuppráttur). Rauðir hringir sýnir staðsetningu þeirra svæða sem deiliskipulag nær til.

4 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

<i>Október 2023</i>	Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag.
<i>Nóvember 2023</i>	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Skipulagslýsing kynnt almenningi og viðeigandi hagsmunaaðilum ásamt því að liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar og á heimasíðu sveitarfélagsins.
<i>Nóv. – des. 2023</i>	Unnið að tillögu að deiliskipulagi í samstarfi við skipulagsnefnd og aðra hagsmunaaðila. Kynning og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
<i>Janúar 2024</i>	Deiliskipulag fullmótað með skipulagsupprætti, greinargerð með skilmálum. Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

<i>Feb. – mars 2024</i>	Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
<i>Apríl 2024</i>	Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af skipulagsnefnd og sveitarstjórn.
<i>Maí 2024</i>	Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

5 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Vegagerðin*
- *Rarik*
- *Landsnet*
- *Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn*
- *Landeigendur aðliggjandi svæða*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Þingeyjarsveitar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.thingeyjarsveit.is.

Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.